

Tryggingaskilmálar TVG-Zimsen

1.0 Tryggingaskilmálar

Allar flug- og sjósendingar sem fluttar eru með TVG-ZIMSEN og greiddar eru af móttakanda (collect sendingar) eru sjálfkrafa tryggðar samkvæmt skilmálum A (sjá hér að neðan) að CIF verðmæti 1.000.000 krónur. Ef CIF verðmætið er 1.000.000 krónur eða hærra, fást bætur upp að kr. 1.000.000 þó svo að verðmæti þess hlutar sem varð fyrir tjóni sé hærra. Farmtryggingin er innifalin í þjónustugjöldum sem eru gjaldfærð á flutningstilkynningum.

TVG-ZIMSEN vinnur náið með Verði og getur því boðið viðskiptavinum sínum hagstæð kjör á flutningstryggingum. Það er markmið þeirra sem að flutningum standa, kaupanda, seljanda og flutningsaðila að varan komist áfallalaust á áfangastað. Það kann þó að vera ýmsum vandkvæðum bundið að ná því marki því að þær vörur sem berast til og frá landinu fara um langan veg. Til að öryggið verði eins og best verði á kosið þarf tvennt að fara saman: Nákvæmt skipulag á framvindu flutnings og tryggilegur frágangur seljanda og flytjanda á vörunni.

Þrátt fyrir vandaðan undirbúning og góðan frágang er alltaf einhver áhætta til staðar og hana verður að taka með í reikninginn. Eitt af því sem aðilar þurfa að koma sér saman um í upphafi er hvenær áhættan á því að varan verði fyrir tjóni í flutningunum færast frá seljanda til kaupanda. Getur það samkomulag verið með ýmsum hætti.

2.0 Flutningstrygging og helstu skilmálar

Þar sem ábyrgð flutningsaðila er jafnan mjög takmörkuð er flutningstrygging nauðsynleg til þess að mæta hugsanlegu tjóni á vörunni á leið hennar í réttar hendur. Íslensk tryggingafélög bjóða vernd með alþjóðlega stöðluðum tryggingaskilmálum sem skiptast í 3 meginflokk.

Skilmálar A - Viðtæk flutningsvernd

Þessi trygging eru sú viðtækasta sem í boði er. Hún bætir allt tap eða skemmdir sem kunna að verða á vörum í flutningi með tiltölulega fáum undantekningum. Þær undantekningar eru tíundaðar í skilmálanum.

Helstu undantekningar eru þessar:

- Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs
- Venjulegur leki, rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæring.
- Ónógar eða óhæfar umbúðir eða lélegur frágangur
- Innri skemmdir eða þegar rekja má tjón til eðlis vörunnar
- Tafir jafnvel þótt töfin hafi orðið vegna bótaskylds tjóns

Skilmálar B - Takmörkuð vernd

Samkvæmt þessari tryggingu eru vörur váttryggðar gegn tjóni af völdum sérstaklega tilgreindra orsaka en þó með hliðstæðum undantekningum og í skilmálum A.

Þeir áhættuþættir sem váttryggingin tekur til:

- Eldur eða sprenging.
- Skip eða flutningsfar strandar, tekur niðri, sekkur eða hvolfir.
- Flutningstæki á landi hvolfir eða fer út af spori.
- Flugvél hlekkist á eða hrapar.
- Samtjónsförn (Greitt er tjón á farni sem hent er útbyrðis til að koma í veg fyrir tjón á öðrum farni).
- Að farni er varpað fyrir borð eða honum skolar fyrir borð.
- Altjón á sjálfstæðum einingum sem falla fyrir borð eða detta niður við lestun eða losun flutningstækis.

Skilmálar C - Lágmarksvernd

Svipaðir skilmálar og í B en takmarkaðri. Þeir bæta t.d. ekki tjón þegar farni skolar fyrir borð eða sjálfstæðar einingar verða fyrir altjóni er þær falla fyrir borð eða detta niður við lestun eða losun flutningsfars. Að þessu viðbættu eru einnig til ýmsir sérskilmálar sem semja má um og sníða að þörfum þeirra sem viðskiptavinur kann að hafa hverju sinni.